

# 230. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 10. MARS 2015 KL 8:30

haldinn á Biskupsstofu

---

## FUNDARGERÐ

---

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Ráðning framkvæmdastjóra kirkjuráðs, kynning á umsóknum.  
Magnús E. Kristjánsson
3. Kirkjujarðasamkomulagið - ályktun kirkjuþings. Erindi frá sr. Geir Waage.
4. Fasteignir
  - a) Skálholtsskóli. Framkvæmdasýsla ríkisins - álit: Gestur Jónson hrl.
  - b) Hraungerði. Beiðni um veðheimild.
  - c) Háaleitisbraut 66, Reykjavík. Byggingarlóð.
  - d) Mosfell. Beiðni um land fyrir miðaldaskála og kirkju og golfvöll – stækkun.
  - e) Mosfell. Víðigerði. Lóðarleigusamningur - endurnýjun.
  - f) Kolfreyjustaður. Ráðstöfun jarðarinnar til frambúðar.
  - g) Útskálar, lóðarleigusamningur.
  - h) Forkaupsréttur að fasteigninni Hallveigartröð 9, Reykholti
5. Fjármál
  - a) Námsleyfakvóti presta
  - b) Erindi frá Ágústi Kristjánssyni, formanni sóknarnefndar og séra Halldóri Gunnarssyni, er varðar byggingu kirkju á Hvolsvelli.
  - c) Gerðir kirkjuþings, timarit.is
  - d) Bókaútgáfan Hólar, beiðni um 50 þ.kr. styrk vegna útgáfu bókar séra Bolla Péturs Bollasonar.
  - e) Kærleiksþjónusta Biskupsstofu, erindi frá Ragnheiði Sverrisdóttur verkefnisstjóra.
6. Skálholt
  - a) Verkefnið Samferð
  - b) Deiliskipulag Skálholtsstaðar
  - c) *Auðlind* - Endurheimt landgæða. Votlendi á Skálholtsstað (erindi frá Vigdísi Finnbogadóttur og Presti Ólafssyni)
  - d) Verndarsvæði friðlýstra minja (erindi frá forstöðum. Minjastofnunar)
  - e) Fundargerðir stjórnar Skálholtsstaðar lagðar fram til kynningar

7. Önnur mál

- a) Skipun nefndar til að vinna að fjölgun í þjóðkirkjunni
- b) Ný kirkjubýgging í Ástjarnarsókn – kynning
- c) Húsnæðismál Bessastaðasóknar - sr. Jóna Hrönn Bolladóttir
- d) Kynning á forriti vegna skýrsluskila. Ægir Örn Sveinsson

---

## 1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

---

Fundurinn hófst kl. 8:30. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sat fundinn Ragnhildur Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri. Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, ritaði fundargerð og sat fundinn eftir að annar dagskrárliður hafði verið afgreiddur.

Magnús E. Kristjánsson sat fundinn þegar annar dagskrárliður var til umræðu.

Séra Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti, sat fundinn þegar málefni Skálholts voru til umræðu.

Drífa Hjartardóttir, formaður stjórnar Skálholtsstaðar, sat fundinn undir dagskrárlið 6 a.

Guðmundur Þór Guðmundsson, sviðsstjóri fasteignasviðs, sat fundinn þegar fasteignir voru til umræðu.

Magnhildur Sigurbjörnsdóttir, verkefnisstjóri, sat fundinn undir dagskrárlið 5 b.

Fulltrúar Ástjarnarsóknar, Geir Jónsson formaður sóknarnefndar, Hermann Björn Erlingsson ritari sóknarnefndar, Jóhann Jóhannsson gjaldkeri sóknarnefndar og séra Kjartan Jónsson sóknarprestur sátu fundinn undir dagskrárlið 7 b.

Séra Jóna Hrönn Bolladóttir, sóknarprestur í Garðaprestakalli, sat fundinn undir dagskrárlið 7 c.

Ægir Örn Sveinsson og Örvar Kárason sátu fundinn undir dagskrárlið 7 d.

Biskup Íslands setti fundinn með ritningarlestri og bæn.

Fundargerð 229. kirkjuráðsfundar var samþykkt.

---

## 2. RÁÐNING FRAMKVÆMDASTJÓRA KIRKJURÁÐS

---

Magnús E. Kristjánsson forseti kirkjuþings kom á fundinn og kynnti umsóknir um starf framkvæmdastjóra kirkjuráðs.

---

### 3. KIRKJUJARÐASAMKOMULAGIÐ

---

Erindi frá séra Geir Waage frá 22. febrúar sl. lagt fram til kynningar og umræðu.

Sr. Geir mælist til þess að kirkjuráð sendi fjármálaráðherra kröfu um fulla greiðslu skv. kirkjujarðasamkomulaginu. Hann bendir á að kirkjuráði beri að framfylgja samningnum og fara að lögum. Lögfestur samningur ríkis og kirkju standi óbreyttur því kirkjuþing 2014 hafi ekki tekið afstöðu til tillögu að niðurskurði kirkjujarðarsamkomulagsins heldur vísað málinu til kirkjuþings 2015.

**Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra og lögmanni Biskupsstofu að gera tillögu að næstu skrefum.**

---

### 4. FASTEIGNIR

---

*a. Skálholtsskóli. Framkvæmdasýsla ríkisins - álit: Gestur Jónson hrl.*

Á fundi kirkjuráðs þann 25. nóvember 2014 var kynnt úttekt verkfræðistofunnar Verkís á húsnæði Skálholtsskóla. Á fundi ráðsins 16 desember sama ár var samþykkt að óska eftir því við sviðsstjóra fasteignasviðs að könnuð yrði réttarstaða kirkjunnar gagnvart þeim aðilum sem önnuðust byggingu gistiálmunnar í Skálholti fyrir 12 árum svo og Framkvæmdasýslu ríkisins, sem annaðist eftirlit með framkvæmdunum á sínum tíma.

Sviðsstjóri fasteignasviðs fór yfir minnisblað frá Gesti Jónssyni hrl. Þar kemur fram að hugsanlegar kröfur á hendur byggingaraðilum, eftirlitsaðilum og öðrum sem komu að byggingu viðbyggingar við Skálholtsskóla eru fyrndar.

**Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra og sviðsstjóra fasteignasviðs að greina Framkvæmdasýslu ríkisins frá þeim göllum sem í ljós hafa komið á byggingu viðbyggingar Skálholtsskóla og vanrækslu á eftirliti með verklegum framkvæmdum þegar viðbygging þessi var reist.**

*b. Hraungerði. Beiðni um veðheimild.*

Minnisblað sviðsstjóra fasteignasviðs frá 27. febrúar sl. lagt fram. Þar er gerð grein fyrir umsókn ábúenda jarðarinnar Hraungerðis, Flóahreppi, um heimild til að mega veðsetja ábýlisjörð sína til tryggingar láni frá Arion banka allt að kr. 25.000.000 til allt að 25 ára. Jörðin er þinglýst eign kirkjumálasjóðs. Um erfðaábúð er að ræða. Samkvæmt 15. gr. ábúðarlaga nr. 80/2004 er ábúendum heimilt að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánnum til framkvæmda á jörðinni, endurbóta o.fl. Gerð var grein fyrir verðmati á jörðinni, stöðu áhvílandi lána og sundurliðun þeirra.

**Kirkjuráð samþykkti beiðni ábúenda Hraungerðis um veðheimild til tryggingar láni hjá Arion banka að fjárhæð kr. 25.000.000, verðtryggt og til allt að 25 ára.**

*c. Háaleitisbraut 66, Reykjavík. Byggingarlóð.*

Á fundi kirkjuráðs í janúarmánuði 2015 var rætt um húsnæðismál Biskupsstofu til framtíðar. Kannað hefur verið hjá Reykjavíkurborg hvort til greina geti komið að reisa viðbyggingu við húsnæði kirkjumálasjóðs að Háaleitisbraut 66, Reykjavík, en sjóðurinn á mestan hluta neðri

hæðar þess húsnæðis, en efri hæðin er safnaðarheimili Grensássóknar, sem áfast er Grensáskirkju. Til að svo megi verða þarf m.a. breytingu á deiliskipulagi á svæðinu. Sent hefur verið erindi til umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar um hvort slíkt geti komið til greina og er málið til úrlausnar hjá ráðinu. Málið var tekið fyrir á fundi ráðsins þann 25. febrúar 2015 en þá frestað.

**Kirkjuráð samþykkti að fasteignasvið vinni drög að þarfagreiningu vegna húsnæðis Biskupsstofu.**

*d. Mosfell. Beiðni um land fyrir miðaldaskála og kirkju og golfvöll – stækkun.*

Sviðsstjóri kynnti málið og minnisblað því tengt.

Á fundi kirkjuráðs þann 18. ágúst 2014 var lagt fram erindi Halldórs Þorgeirssonar, Mosfellsbæ, um byggingu miðaldaskála og kirkju á Mosfelli í Mosfellsbæ. Eftirfarandi var bókað í fundargerð kirkjuráðs um það mál: „c) *Miðaldaskáli á Mosfelli, Mosfellssveit. Erindi frá Halldóri Þorgeirssyni og Guðnýju Halldórsdóttur, Melkoti í Mosfellsdal lagt fram til kynningar. Þau óska eftir að fá að leigja spildu úr landi Mosfells til að byggja miðaldaskála og kirkju austan við afleggjarann að Mosfelli. Þau óska eftir viðræðum um hugmynd sína. Kirkjuráð samþykkti að fela fasteignanefnd að skoða málið.*“ Með hliðsjón af því að nýtt kirkjuráð hefur tekið til starfa og fasteignanefndin er niðurlögð frá og með síðustu áramótum þótti eðlilegt og rétt að kynna kirkjuráði þetta mál að nýju og hvað hefur gerst í því síðan samþykkt þessi var gerð.

**Kirkjuráð taldi ekki rétt að ráðstafa hluta af landi Mosfells með langtímasamningum. Kirkjuráð samþykkti því að beiðni um land fyrir miðaldaskála, kirkju, golfvöll o.fl. fengi ekki framgang.**

*e. Mosfell. Víðigerði. Lóðarleigusamningur - endurnýjun.*

Sviðsstjóri fasteignasviðs kynnti málið og minnisblað því tengt.

Leigð var 3.795 fm. lóð úr landi Mosfells í Mosfellsbæ árið 1948, með því að gerður var lóðarleigusamningur til 40 ára. Sá samningur var síðan framlengdur árið 1990 og þá til 25 ára og rennur lóðarleigusamningurinn út um þessar mundir. Núverandi leigutakar, sem eiga íbúðarhús á lóðinni, hafa óskað eftir nýjum eða framlengdum samningi með svipuðum kjörum en ekki hefur náðst samkomulag um leigugjald.

**Kirkjuráð samþykkti að veita sviðsstjóra umboð til að leita samninga við leigutaka á þeim grundvelli sem kynntur var af sviðsstjóra fasteignasviðs.**

*f. Kolfreyjustaður. Ráðstöfun jarðarinnar til frambúðar.*

Sviðsstjóri fasteignasviðs kynnti málið og minnisblað því tengt.

Kolfreyjustaður, Austurlandsprófastsdæmi, var lögboðið prestssetur þangað til 1. júlí 2014 að það var flutt á Fáskrúðsfjörð samkvæmt samþykkt kirkjuþings 2013. Ástand gamla prestsbústaðarins á Kolfreyjustað er fremur bágborið.

Nú liggur fyrir beiðni til fasteignasviðs um leigu á íbúðarhúsinu.

**Kirkjuráð samþykkti að veita sviðsstjóra umboð til að leita samninga við leigutaka á þeim grundvelli sem kynntur var af sviðsstjóra fasteignasviðs.**

*g. Útskálar, lóðarleigusamningur.*

Sviðsstjóri fasteignasviðs kynnti málið. Óskað hefur verið eftir að gengið verði frá lóðarleigusamningi milli kirkjumálasjóðs sem landeiganda annars vegar og Útskálasóknar sem leigutaka hins vegar um lóð á landi Útskála. Fyrirhugað var að reisa Safnaðarheimili fyrir sóknina á landinu en verkið stöðvaðist þegar sökklar höfðu verið steiptir upp.

**Kirkjuráð samþykkti að veita sviðsstjóra fasteignasviðs umboð til að ganga frá lóðarleigusamningi við Útskálasókn.**

*h. Forkaupsréttur að fasteigninni Hallveigartröð 9, Reykholti.*

Sviðsstjóri fasteignasviðs lagði fram samþykkt kauptilboð um fasteignina (einbýlishús) Hallveigartröð 9, Reykholti, Vesturlandsprófastsdæmi, dags. 20. febrúar 2015.

Kirkjuráð sem eigandi Reykholtssjarðarinnar á forkaupsrétt að fölum eignum við þessa götu. Skipaður sóknarprestur Reykholtsprestakalls og umráðamaður jarðarinnar sr. Geir Waage mælti með því að forkaupsréttur yrði ekki nýttur að þessu sinni.

**Kirkjuráð samþykkti að nýta ekki forkaupsrétt sinn á framangreindri fasteign og mun biskup árita kauptilboð og önnur skjöl þar að lútandi því til staðfestingar.**

---

## 5. FJÁRMÁL

---

*a. Námsleyfakvóti presta, sjá meðfylgjandi minnisblað námsleyfanefndar.*

Námsleyfanefnd bendir á að niðurskurður námsleyfa sé ekki í takt við niðurskurð kirkjujarðarsamkomulagsins. Nú er námsleyfakvótinn, sem kirkjuráð gerir ráð fyrir 14 mánuðir fyrir árið 2015 en sótt er um rúmlega 40 mánuði. Ef kvótinn væri í takt við niðurskurð á kirkjujarðarsamkomulaginu ætti hann að vera 27 mánuðir. Biskup óskaði eftir því að kirkjuráð endurskoðaði fyrri ákvörðun sína um námsleyfakvótann.

**Kirkjuráð samþykkti að veita úr Kirkjumálasjóði upphæð sem svarar 13 mánaða launum presta til ráðstöfunar í námsleyfi, til viðbótar við þá 14 mánuði sem áður hafði verið veitt þannig að heildarkvóti námsleyfa verði 27 mánuðir vegna yfirstandandi starfsárs.**

*b. Erindi frá Ágústi Kristjánssyni, formanni sóknarnefndar og séra Halldóri Gunnarssyni, er varðar byggingu kirkju á Hvolsvelli, lagt fram.*

Kirkjuráð hafði árið 2010 veitt vilyrði fyrir úthlutun fjármagns er varðar undirbúning að byggingu nýrrar kirkju á Hvolsvelli. Vilyrðið var veitt með skilyrðum um fjármögnun, kostnaðaráætlun og þarfagreiningu. Ekki hafði sóknarnefndin uppfyllt þau skilyrði.

**Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að svara erindinu.**

*c. Gerðir kirkjuþings, timarit.is*

Lagt er til að útgáfa á gerðum kirkjuþings verði unnin í samráði við starfsfólk timarit.is. Það efni sem birt er á timarit.is er unnið og þjónustað af starfsfólki Þjóðarbókhlöðunnar. Þegar efnið verður orðið aðgengilegt á timarit.is er hægt að miðla því inn á kirkjan.is og aðrar vefsíður þjóðkirkjunnar.

**Kirkjuráð samþykkti að leita til starfsmanna tímarit.is að annast þá framkvæmd að gefa út gerðir kirkjubings.**

d. Bókaútgáfan Hólar, beiðni um 50 þ.kr. styrk vegna útgáfu bókar séra Bolla Péturs Bollasonar.

Bókaútgáfan Hólar ehf. mun á þessu ári gefa út bókina Kveikjur eftir séra Bolla Pétur Bollason sóknarprest í Laufási með ljósmyndum eftir Völund Jónsson blaðaljósmyndara. Um er að ræða smásagnasafn, 40 frumsamdar samtímasögur.

**Kirkjuráð samþykkti að hafna styrkbeiðninni.**

e. Kærleikspjónusta Biskupsstofu, erindi frá Ragnheiði Sverrisdóttur verkefnisstjóra. Kærleikspjónusta Biskupsstofu nýtti ekki alla þá fjárheimild sem var veitt af kirkjuráði árið 2014. Ónýtt fjárheimild er 160 þ.kr.

**Kirkjuráð samþykkti að óska eftir nánari skýringum frá verkefnisstjóra kærleikspjónustu um í hvað nota ætti fjármunina og frestaði málinu til næsta fundar.**

---

## 6. SKÁLHOLT

---

a. *Formaður stjórnar Skálholtsstaðar, Drífa Hjartardóttir.*  
Rætt um málefni Skálholts.

b. *Verkefnið Samferð, samráðsvettvangur um uppbyggingu ferðaþjónustu á Skálholtsstað.*  
Bréf frá Guðjóni Arngrímssyni lagt fram, en þar kemur fram að hann og aðilar honum tengdir hafa ákveðið að vinna að þróun upphaflega verkefnisins með öðrum og breyttum hætti og með öðrum aðilum en áður var áformað.

**Biskup og vígslubiskup munu funda með Guðjóni Arngrímssyni og aðilum honum tengdum áður en erindinu verður svarað.**

c. *Deiliskipulag Skálholtsstaðar.*

Vinna við deiliskipulag hefur legið niðri á undanförunum mánuðum.

**Kirkjuráð samþykkti að fresta ákvörðun um framhald deiliskipulagsvinnu til fundar kirkjuráðs í júní.**

d. *Endurheimt votlendi - Auðlind.*

Erindi til biskups Íslands frá frú Vigdísi Finnbogadóttur og Þresti Ólafssyni lagt fram til kynningar.

**Kirkjuráð samþykkti að ráðast ekki að sinni í það verkefni að endurheimta votlendið í Skálholti. Biskup mun kynna verkefnið fyrir stjórn Skálholtsstaðar.**

e. *Verndarsvæði friðlýstra minja í Skálholti. Erindi frá forstöðumanni Minjastofnunar lagt fram.*

**Kirkjuráð samþykkti að vísa málinu til stjórnar Skálholtsstaðar.**

f. Fundargerðir stjórnar Skálholtsstaðar lagðar fram til kynningar.

---

## 7. ÖNNUR MÁL

---

a. *Skipun starfshóps til að vinna að fjölgun í Þjóðkirkjunni.*

Kirkjuþing 2014 ályktaði að fela kirkjuráði að skipa þriggja manna starfshóp er leggi fram tillögur sem miði að því að fjölga meðlimum í Þjóðkirkjunni. Starfshópurinn skili tillögum sínum til kirkjuráðs sem leggi tillögurnar fyrir kirkjuþing 2015.

**Kirkjuráð samþykkti að skipa Jónínu Sif Eypórsdóttur, Einar Karl Haraldsson og Margréti Gísladóttur í starfshópinn.**

b. *Ný kirkjubygging í Ástjarnarsókn, kynning.*

Fulltrúar sóknarinnar kynntu þann undirbúning sem unnin hefur verið að uppbyggingu húsnaðis safnaðarins.

c. *Húsnaðismál Bessastaðasóknar.*

Sóknarprestur, séra Jóna Hrönn Bolladóttir, kynnti stöðu húsnaðismála Bessastaðasóknar.

d. *Kynning á forriti vegna skýrsluskila.*

Ægir Örn Sveinsson, kirkjuþingsmaður, kynnti hugmyndir sínar um skýrsluskil og samskipti við Þjóðskrá.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:15.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn á Biskupsstofu þriðjudaginn 21. apríl nk.

Agnes M. Sigurðardóttir  
biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson  
biskupsritari